

Ed.

992. Nefndarálit

[430. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir eiga fyrst að koma til framkvæmda árið 1990. Enda þótt í þessum efnum sé nauðsyn að gera ráðstafanir með góðum fyrirvara er það skoðun minni hl. að ekki sé rétt að ríkisstjórn sem á tæpar sex vikur eftir af valdatíma sínum taki ákvarðanir á borð við þessa. Rökrétt og eðlilegt hlýtur að vera að nýtt þing og ríkisstjórn móti langtímastefnu í framleiðslumálum landbúnaðarins. Minni hl. mun sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. mars 1987.

Eiður Guðnason,
frsm.

Kolbrún Jónsdóttir.